



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til lífeyrissjóða

6. febrúar 2012
Tilvísun: 2012020004

Efni: Túlkun Fjármálaeftirlitsins um hvort fagfjárfestasjóðir skv. lögum nr. 128/2011 teljist til sjóða sem starfa undir „opinberu eftirliti“ sbr. 4. másl. 4. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. (slll.)

Í 36. gr. slll. eru fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða afmarkaðar með skýrum hætti. Í greininni eru tæmandi taldar þær heimildir sem lífeyrissjóðir hafa til fjárfestinga. Markmið þessara reglna er að stuðla að því að fé lífeyrissjóða sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru í boði á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Þar sem um er að ræða skyldubundinn lífeyrissparnað sem ætlað er að tryggja mikilsverð réttindi einstaklinga, auk þess sem sjóðfélögum er óheimilt að flytja áunnin réttindi sín í aðra lífeyrissjóði, hefur verið talið nauðsynlegt að setja fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða nokkrar skordoður í lögum til að stuðla að því að eðlilegrar varkárni sé gætt í fjárfestingum.

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. slll. er lífeyrissjóðum heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti, þó með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í öðrum málsgreinum 36. gr.:

1. Í ríkisvígslum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum og víglum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víglum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.
3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 75% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.
4. Með innlánum í bönkum og sparissjóðum.
5. Í skuldabréfum og víglum banka, sparissjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila.
6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
7. Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, eða tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS-tilskipuninni) en verðbréfasafni að baki skírteinum eða hlutum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
8. Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
9. Í öðrum verðbréfum.
10. Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.
11. Með kaupum og rekstri íbúðarhúsnæðis, þar á meðal útleigu.

8. tölul. 1. mgr. 36. gr. slll. kom inn með lögum nr. 70/2004 um breyting á slll. samkvæmt breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar. Í áliti nefndarinnar kom fram að eðlilegt væri að aðrar og þrengri takmarkanir giltu um fjárfestingar í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu en í sjóðum sem falla undir 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna, þ.e. UCITS-sjóðum



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

og fjárfestingarsjóðum samkvæmt lögum nr. 30/2003, auk þess sem ekki yrði horft í gegnum þá eins og skylda væri að gera vegna sjóða sem falla undir fyrrnefndan 7. tölul. Undir þeim formerkjum lagði nefndin til að nýjum málslið (4. málslið) yrði bætt við við 4. mgr. 36. gr. slsll. sem yrði svohljóðandi: „Eign lífeyrissjóðs skv. 8. tölul. 1. mgr. í sjóðum sem lúta ekki opinberu eftirliti skal þó aldrei vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.“ Í álit nefndarinnar um frumvarp til laga nr. 70/2004 kom fram að með „opinberu eftirliti“ í ákvæðinu væri átt við sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem starfa samkvæmt sérstökum lögum er skilgreina t.d. fjárfestingarheimildir, skipulag og upplýsingaskyldu sjóðs og lúta opinberu eftirliti vegna þessara þátta.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að sjóðir sem falla undir 8. tölul. 1. mgr. 36. gr. slsll. teljast lúta opinberu eftirliti í skilningi 4. másl. 4. mgr. 36. gr. laganna, ef um þá gilda sérstök lög, þar sem kveðið er á um hverjar eru heimildir sjóðanna til fjárfestinga og hvernig skipulag og upplýsingaskyldu þeirra skuli háttað, og að sjóðirnir lúti opinberu eftirlit vegna þessara þátta.

Samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði (vffl.) lúta fagfjárfestasjóðir eftirliti Fjármálaeftirlitsins skv. 63. gr., sbr. 9. mgr. 62. gr. sömu laga. Í lögunum er ekkert kveðið á um fjárfestingarheimildir fagfjárfestasjóða og er eftirlit Fjármálaeftirlitsins með fjárfestingum þeirra því takmarkað við hvort fagfjárfestasjóðir starfi innan eigin reglna og fjárfestingarstefnu.

Með vísan til alls framangreinds er það álit Fjármálaeftirlitsins að fagfjárfestasjóðir samkvæmt vffl. teljist ekki lúta opinberu eftirliti í skilningi 4. másl. 4. mgr. 36. gr. slsll. Eign lífeyrissjóða í slíkum sjóðum getur því aldrei orðið meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið bendir á að sambærileg sjónarmið og fram koma í álit þessu gilda einnig um alla aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem falla undir 8. tölul. 1. mgr. 36. gr. slsll, þegar meta skal hvort þeir lúti opinberu eftirliti skv. 4. másl. 4. mgr. 36. gr. slsll.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsdóttir
Halldóra E. Ólafsdóttir

Gunnar Þór Ásgeirsson
Gunnar Þór Ásgeirsson